

Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum þann 28.09.2015 á skrifstofu skólameistara.

Mætt voru: Hallur Reynisson fráfaramaði skólameistari, Sigurbjörn Árni Arngrímsson verðandi skólameistari, Margrét Hólm Valsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Erlingur Teitsson, Guðrún Tryggvadóttir og Guðrún María Valgeirsdóttir
Þetta gerðist:

1. Móttaka nýs skólameistara og fráfaramaði skólameistari kvaddur.
Margrét sem stýrði fundi bauð nýjan skólameistara Sigurbjörn Árna velkominn og tjáði ánægju skólanefndar með ráðningu hans til starfs skólameistara.
Þá þakkaði hún fráfaramaði meistara Halli hans störf sem skólameistari, en Hallur tekur nú við sínu fyrra starfi sem áfangastjóri.
Sigurbjörn Árni fór lítillaga yfir starfslok sín í fyrra starfi og þá einnig eins yfir sína sýn á nýtt starf.
2. Staða skólans.
Hallur skýrði frá því að 107 nemendur stunduðu nú nám í skólanum, einnig að nú hefði verið staðfest frá ráðuneytinu að skólinn fengi aukafjárveitingu að upphæð 7,6 millj., sem þýddi að skólinn yrði væntanlega skuldlaus við ríkið um næstu áramót.
Síðan barst umræðan vítt um starfsemi skólans s.s. samstarf framhaldsskólanna í Þingeyjarsýslu og Þekkingarnets Þingeyinga, hugsanlegt útibú á Vopnafirði, starfrækslu ferðamálabrautar og fl.
3. Næsti fundur.
Ákveðið að halda næsta fund 19.10.2015 kl. 16.15.
4. Önnur mál.
Þau bókast ekki.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 18.00.